# Fundargerð 949. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 13. júní kl. 08:15 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar Hótel KEA á Akureyri.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Einar Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður hans Árelía Eydís Guðmundsdóttir sat fundinn í hans stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaramála - 2301032SA**

   Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í júní 2024.

2. **Starfið á milli funda - 2309033SA**

   Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá starfsemi Sambandsins frá seinasta stjórnarfundi.

3. **Fundargerð 948. fundar - 2309033SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 948. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. maí 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

4. **Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**

   Lagðar fram fundargerðir 65. og 66. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 16. maí og 4. júní 2024.

5. **Málefni fatlaðs fólks - 2205032SA**

   Lagt fram minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 12. júní 2024, um stöðu í málefnum fatlaðs fólks, ásamt fylgiskjali.

6. **Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

   Lögð fram fundargerð 153. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 7. júní 2024.

7. **80 ára afmæli sambandsins 2025 - 2401027SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal drög að minnisblaði sviðsstjóra þjónustusviðs og samskiptastjóra, dags. 6. júní 2024, um hugmyndir fyrir 80 ára afmæli Sambandsins 2025.

8. **Fjármál sveitarfélaga - 2406004SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs sambandsins, dags. 12. júní 2024, um fjármál sveitarfélaga. Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarfólks.

9. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga - 2405021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. júní 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 114. mál.

10. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaraætlun til ársins 2030 - 2405022SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 3. júní 2024, um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu, 1036. mál.

11. **Skýrsla um úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks - 2403022SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks, dags. í maí 2024.

12. **Skýrsla - VNR-VSR um heimsmarkmiðin - 2212024SA**

Lögð fram til kynningar drög að skýrslu Nordic VSR.

Fundi var slitið kl. 10:10